

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

#### *Deiliskipulag, Brattholt í Biskupstungum.*

Deiliskipulagið tekur til verslunar- og þjónustutengdrar starfsemi í landi Brattholts í Biskupstungum. Á svæðinu er fyrir 1.429 fm hótél og gert er ráð fyrir stækkun þess. Heimilt verður að byggja við núverandi hótél á 1-2 hæðum allt að 2.500 fm, allt að 40 herbergi. Auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu 14 smáhýsa, 40-60 fm að stærð innan svæðisins. Samanlagt hámarksbyggingarmagn innan deiliskipulagsins er um 4.800 fm og gestafjöldi allt að 190 manns. Samhliða er gerð óveruleg breyting á deiliskipulagi Brattholts þar sem heimildir innan svæðisins er varðar uppbyggingu á gistiheimili, smáhýsum og tjaldsvæði eru felldar út. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

#### *Deiliskipulagsbreyting, Brattholt í Biskupstungum.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Brattholts í Biskupstungum þar sem heimildir innan svæðisins er varðar uppbyggingu á gistiheimili, smáhýsum og tjaldsvæði eru felldar út. Aðrar heimildir deiliskipulagsins haldast óbreyttar. Samhliða er gert nýtt deiliskipulag sem tekur til verslunar- og þjónustutengdrar starfsemi í landi Brattholts og varðar stækkun hótels og uppbyggingu smáhýsa á svæðinu. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. mars 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2024